



Heilbrigðiseftirlit Vesturlands  
B.t. Helga Helgasonar, heilbrigðisfulltrúa  
Innrimel 3  
301 Akranes

Akranesi, 15. júní 2016

1606056 RÁ/sa

**Efni: Beiðni um umsögn vegna endurákvörðunar sorpgjalda fyrir árið 2016**

Vísað er til fyrri samskipta er varðar ofangreint efni en úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála upp kvað upp úrskurð þann 14. apríl síðastliðinn og taldi gjaldskrá Akraneskaupstaðar 1204/2015 ekki lögmaðan grundvöll fyrir gjaldtöku sorpgjalda fyrir árið 2016 vegna formgalla.

Úrskurðarnefndin taldi heilbrigðisfulltrúa/heilbrigðiseftirlitið ekki geta veitt lögbundna umsögn skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um mengunarvarnir og hollustuhætti í skjóli þess að eftirlitið starfi í umboði heilbrigðisnefndar. Staðfesting heilbrigðisnefndar á umsögninni eftir að álagning fór fram var ekki talin fullnægjandi að mati úrskurðarnefndarinnar.

Málið var tekið fyrir á fundi bæjarstjórnar þann 14. júní síðastliðinn þar sem drög að nýrri gjaldskrá sorpmála voru samþykkt og vísað til heilbrigðisnefndar til umsagnar sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Um nánari forsendur fyrir endurákvörðuninni/gjaldskránni vísast til meðfylgjandi gagna.

Þess er óskað að heilbrigðisnefnd taki málið sem fyrst til meðferðar en gert er ráð fyrir að endurálagning fari fram í byrjun júlí að lokinni birtingu gjaldskrárinnar í Stjórnartíðindum.

Ef heilbrigðisnefnd óskar eftir frekari greiningu á fyrirliggjandi gögnum verður fúslega orðið við því.

Virðingarfyllst,

Regína Ásvaldsdóttir

Regína Ásvaldsdóttir,  
bæjarstjóri

